

## 31. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 18. – 19. október 2019 á Akureyri

---

### Spurningar sem voru eftir í fyrirspurnartíma

#### Vinnutímastytting

#### **1. Hvernig getur styttingin ekki kostað neitt, t.d. í verslun þar sem opið er frá 9-18? Á að loka fyrr?**

Þetta getur verið mismunandi á milli verslana og hvernig er hægt að koma þessu við. Erfitt er að fullyrða að þetta kosti ekki neitt hjá öllum verslunum t.d. þar sem er bara einn starfsmaður á hverri vakt. Þar sem eru fleiri starfsmenn væri möguleiki að sumir starfsmenn hættu fyrr eða byrjuðu seinna.

#### **2. Hafa verið gerðar rannsóknir á vinnustöðum þar sem kaffitíma er sleppt? Nú segja fræðin að nauðsynlegt sé að standa upp frá vinnu og þessi tími sé góður fyrir menninguna (móralinn) í fyrirtækinu.**

Ekki er vitað til þess að gerð hafi verið sérstök rannsókn á þessu. Þetta getur verið mjög mismunandi á milli vinnustaða og hvernig menningin er á hverjum vinnustað með kaffitíma og matartíma. Oft geta skoðanir um þetta líka verið skiptar á milli starfsmanna.

#### **3. Hvernig er þetta í framkvæmd í verslun?**

Þetta getur verið mjög mismunandi eftir hverjum vinnustað og því er ekki hægt að segja það sé til einhver ákveðin "uppskrift" fyrir styttingu í verslunum. Hver verslun þarf að skoða hvernig hægt er að framkvæma þetta og getur verið miserfitt að koma vinnutímastyttingu á í verslunum.

## **31. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 18. – 19. október 2019 á Akureyri**

---

### **4. Nú er á sumum vinnustöðum tekið hlé eftir álagi og ekki endilega teknir sérstakir kaffitímar, hvernig er hægt að vinna með það? Er það ábyrgð starfsmanns eða vinnuveitanda?**

Þetta er nokkuð algengt vinnufyrkomulag á skrifstofu þar sem ekki eru teknir formlegir kaffitímar. Á sumum vinnustöðum hafa verið felldir niður formlegir kaffitímar og starfsmenn hafa hætt 15 mín. fyrir á hverjum degi en starfsmenn taka sér samt pásur og fá sér kaffi þegar hentar hverju sinni. Starfsmenn þurfi að ræða þetta við sinn atvinnurekanda hvort taka skuli formlega kaffitíma eða ekki, ef ekki eru teknir formlegir kaffitímar þá væri rétt að ræða að stytta vinnutímann sem því nemur.

### **5. Ef kaffitímum er sleppt yfir daginn; er fólk almennt ekki það þreytt að vinnutíma loknum, ef það hefur á annað borð einhverja orku. Borgar það sig að fórna kaffitímum fyrir styttri vinnuviku?**

Hver og einn verður að meta þetta eftir sínum aðstæðum hvort hann sé tilbúin/n til að fórna kaffitíma fyrir styttri vinnuviku. Starfsmenn eiga rétt á kaffitímum skv. kjarasamningi og engin breyting varð á því með nýjum kjarasamningi.

### **6. Hafa verið könnuð félagsleg áhrif þess að fólk fari hvorki í mat nè kaffi?**

Nei, ekki svo vitað sé. En starfsmenn eiga rétt á matar- og kaffitímum skv. kjarasamningi og það varð engin breyting á því með nýjum kjarasamningi.